

## ✉ Re: NI - ósk um umsög - 2002004

Búið til	19.10.2020 13:32:11
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	19.10.2020 13:32:11
Tilheyrir	 202010-0023 - Krossland – deiliskipulag í Hvalfjarðarsveit

### Efni

Re: NI - ósk um umsög - 2002004
---------------------------------

### Upplýsingar

Sent	19.10.2020 13:32:11	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

### Vinnsla

### Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	skipulag@hvalfjardarsveit.is

### Innihald

Tilvísun í málsnr. 202010-0023 (TB)

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Hvalfjarðarsveit, dags. 9. október sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands á tillögur að nýju deiliskipulagi í Krosslandi sem er við þéttbýli Akraness. Á svæðinu er í gildi deiliskipulag frá 2005 og búið er að byggja á hluta af svæðinu og götur í hverfinu hafa verið lagðar.

Með hliðsjón af hlutverki Náttúrufræðistofnunar og m.t.t. þess að til er samþykkt deiliskipulag sem verið er að breyta, búið er að byggja hluta af hverfinu og ekki líklegt að umhverfisáhrif aukist við nýtt skipulag, gerir stofnunin ekki athugasemd við framangreinda tillögu að deiliskipulagi í Krosslandi.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
210 Garðabær

Sími/Tele: 590 0500

Email: trausti@ni.is (mailto:trausti@ni.is)



**From:** "Skipulag" <skipulag@hvalfjardarsveit.is>

**To:** "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>

**CC:**

**Subject:** NI - ósk um umsög - 2002004

**Date:** 9.10.2020 11:17:02

**Náttúrufræðistofnun Íslands**

**Urriðarholti 6-8**

**210 Garðabæ**

**Krossland – deiliskipulag.**

Óskað er umsögn á nýju deiliskipulagi í Krosslandi sem sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar samþykkti á fundi sínum þann 22. september að auglýsa samkvæmt 40. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br.

Í gildandi deiliskipulagi sem fellur úr gildi við samþykkt nýs deiliskipulags eru nokkrar breytingar sem hafa verið gerðar á því og talin er þörf á að taka saman þær breytingar og gera fyrirhugaðar breytingar í nýju endurskoðuðu skipulagi.

Tillagan gerir ráð fyrir frekari uppbyggingu á svæðinu með mismunandi húsagerðum til að mæta auknum kröfum varðandi uppbyggingu og stækkun í kringum þéttbýlið í nálægð við Akranes og höfuðborgarsvæði. Gert er ráð fyrir allt að 126 íbúðum á 31 lóð.

Deiliskipulagstillagan er til sýnis á skrifstofu Hvalfjarðarsveitar og einnig

á heimasíðu sveitarfélagsins [www.hvalfjardarsveit.is](http://www.hvalfjardarsveit.is) (<http://www.hvalfjardarsveit.is>).

Athugasemdum skal skilað til skrifstofu Hvalfjarðarsveitar að Innrimel 3. 301 Akranesi, eða netfangið [skipulag@hvalfjardarsveit.is](mailto:skipulag@hvalfjardarsveit.is) (mailto:skipulag@hvalfjardarsveit.is) merkt "Krossland". fyrir 20. nóvember 2020.

Með bestu kveðju,



Bogi Kristinsson Magnusen

Skipulags- og umhverfisfulltrúi Hvalfjarðarsveitar,

Innrimel 3, Hvalfjarðarsveit.

301 Akranes.

Sími 433 8500

[skipulag@hvalfjardarsveit.is](mailto:skipulag@hvalfjardarsveit.is) (<mailto:skipulag@hvalfjardarsveit.is>)

## Viðhengi

image001.gif (2 KB)

image001.jpg (2 KB)

image001.gif (2 KB)